

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



|                     |  |                         |                      |
|---------------------|--|-------------------------|----------------------|
| Dags eftirlits      | 31.8.2023                                      | Ábyrgðarmaður eftirlits | Freyr Ævarsson       |
| Fyrirtæki           | Síldarvinnslan Seyðisfirði                     | Eftirlitsmaður          | Freyr Ævarsson       |
| Heimili             | Strandarvegi 1 - 11                            | Tegund eftirlits        | Reglubundið          |
| Kennitala           | 5702697479                                     | Flokkur                 | Fiskimjölsverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Eggert Einarsson                               | ÍSAT nr.                | 15.20.7              |
| Fulltrúi fyrirtækis | Eyrún Guðmundsdóttir og Sindri Karl Sigurðsson | Staðsetning             | 733858,42 539323,093 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru gerðar varðandi annars vegar mælingar á rennsli í frárennsli og hins vegar stærð lekavarnarþróar. Þrjú frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Opið niðurfall er í efnageymslu. 2) Lysisgeymar hafa ekki verið þykktarmældir. 3) Magn fitu í frárennsli frá fitugildru var yfir mörkum í starfsleyfi, í mælingu sem var gerð 12.-13. febrúar 2022.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði. Engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram.

Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 29. október 2014 og gildir til 29. október 2030.

Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr 1.400 tonnum á sólarhring, af fiski, afskurði og aukaafurðum sem ætlaðar eru til vinnslu í verksmiðjunni.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynningar á fylgiskjölum
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

- A) Þegar eftirlitið fór fram voru þrjú eldri frávik opin:  
a. Opið niðurfall er í efnageymslu

Í eftirlitinu kom fram að loftloka hefur verið komið fyrir á niðurfallinu.

- b. Lysisgeymar verksmiðunnar hafa ekki verið þykktarmældir

Í eftirlitinu voru lagðar fram þykktarmælingar á lýsistönkum 1 og 2. Lýsistankur 3 hefur ekki enn verið þykktarmældur. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila sem Umhverfisstofnun samþykkti með bréfi dags. 24.11.2022 átti mælingum að vera lokið fyrir lok árs 2022.

- c. Í mælingu sem var gerð 12.-13. febrúar 2022 var magn fitu í frárennsli frá fitugildru, yfir leyfilegum mörkum.

Niðurstöður frárennslismælinga sem gerðar voru 8.-9. mars 2023, sýna að frárennslið stenst allar kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi.

- B) Í eftirlitinu var farið yfir fjórar ábendingar sem voru gerðar í eftirliti 2022:

- a. Mæla skal hraða útblásturslofts frá olíubrennara þegar katlar eru á eðlilegu vinnsluálagi.

Í eftirlitinu voru lagðar fram mælingar á hraða útblásturslofts við mismunandi vinnsluálag. Við eðlilegt vinnsluálag er hraði útblástursloftsins yfir 20m/sek.

- b. Mæla skal rennsli í frárennsli á sama tíma og sýni vegna mælinga á fitu, svifefnum og COD eru tekin. Rennslismælingar skulu fylgja niðurstöðum mælinga. Rennslismælingar voru afhentar í eftirlitinu og munu framvegis fylgja niðurstöðum mælinga.

- c. Viðurkenndur búnaður sem tryggir að hámarksafköst verksmiðunnar séu innan setttra marka skal vera í lagi.

Búnaðurinn hefur verið í lagi undanfarna mánuði eða síðan skipt var um nema sem reyndist bilaður.

d. Tryggja þarf að stærð lekavarnarþróar sé í samræmi við kröfur í starfsleyfi og að skilyrði fyrir að minnka rýmd hennar séu uppfyllt.

Í eftirlitinu var lögð fram staðfesting á að rekstraraðili hefur aðgang að olíuflotgirðingu til að hefta útbreiðslu lýsis sem fer í sjó. Ekki er ljóst hvort þróin uppfyllir kröfur um stærð.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var skilað á réttum tíma.

TVN-mælingar hafa borist fyrir þann tíma sem vinnsla var í gangi, þ.e. til 15.5. sl.

Tilkynning barst þann 12.1. sl. um að vinnsla væri hafin í verksmiðjunni. Ekki hefur verið tilefni til að senda slíka tilkynningu síðan.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu.

4. Kynningar á fylgiskjolum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breytu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Úrbætur við niðurfall í efnageymslu voru skoðaðar og eru þær fullnægjandi.

Gengið var um lóð og húsnaði rekstraraðila. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.

## ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

1) Mæla skal rennsli í frárennsli á sama tíma og sýni vegna mælinga á fitu, svifefnum og COD eru tekin. Rennslismælingar skulu fygja niðurstöðum mælinga.

2) Ekki tókst að sannreyna að stærð lekavarnarþróar sé í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að láta reikna stærð þróarinnar og bera niðurstöður þeirra útreikninga saman við kröfur í starfsleyfi.

Reykjavík, 25.09.2023

  
Freyr Ævarsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í págu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.